



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Landslög lögmannsstofa
b.t. Jónu Bjarkar Helgadóttur hdl.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2013
Tilv.: 1210038

Hér með tilkynnist yður að Samkeppniseftirlitið hefur tekið meðfylgjandi ákvörðun nr. 1/2013 *Framlenging undanþágu vegna samkomulags um sértæka skuldaaðlögun.*

Rétt er að benda á að Samkeppniseftirlitið fellst ekki á þau rök að ófyrirséð atvik sem leitt geti til vanefnda skuldara á samningum, gerðum á grunni sértækrar skuldaaðlögunar, kalli á samstarf allra fjármálafyrirtækja með þeim hætti að fari gegn bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Af þeim sökum er undanþágan eingöngu framlengd til 30. júní 2013.

Vakin er athygli á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar samkeppnismála samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Skrifleg rökstudd kæra skal berast til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, c/o Sonja María Hreiðarsdóttir hdl. Skippholti 50d, 4. hæð.105 Reykjavík, innan fjögurra vikna frá móttöku þessa bréfs.

Þá er vakin athygli á því að skv. 1. mgr. 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 frestar stjórnslukæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Páll Gunnar Pálsson

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Lárus Sigurður Lárusson

Meðfylgjandi: Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2013.



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 21. janúar, 2013

Ákvörðun nr. 1/2013

Framlenging undanþágu vegna samkomulags um sértæka skuldaaðlögun

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst erindi Samtaka fjármálafyrirtækja (hér eftir SFF), dags. 30. október 2012, þar sem óskað var eftir því að undanþága, sem Samkeppniseftirlitið veitti á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með ákvörðun nr. 10/2011, dags. 16. mars 2011, vegna samkomulags um sértæka skuldaaðlögun, yrði framlengd til ársloka 2013.

Nánar tiltekið veitti ákvörðun nr. 10/2011 SFF, f.h. aðildarféлага sinna, Íbúðalánasjóði, Landssamtökum lífeyrissjóða, f.h. aðildarsjóða sinna, Sambandi íslenskra sparisjóða, slitastjórn SPRON og slitastjórn Frjálsa fjárfestingabankans, undanþágu frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga til þess að gera og framkvæma samkomulag um verklagsreglur um samræmda úrlausn skuldavanda yfirveðsettra heimilda og greiðsluvanda einstaklinga undir heitinu Sértæk skuldaaðlögun. Undanþágan var veitt með skilyrðum og gildistími hennar náði til ársloka 2012.

Í erindi SFF kemur fram að undir lok gildistíma undanþágunnar megi búast við auknum umsóknum um sértæka skuldaaðlögun og því sé nauðsynlegt að veita undanþáguaðilunum svigrúm til þess að afgreiða þessar umsóknir enda þótt frestur til þess að sækja um úrræðið renni út.

Þá kemur einnig fram að í skuldaaðlöguninni felist að gerðir séu samningar um skil á ákveðnum greiðslum umsækjanda í þrjú ár. Ófyrirséð atvik kunní að leiða til þess að kröfuhafar þurfi að hafa samskipti vegna þessa.

Samkeppniseftirlitið leitaði umsagnar umboðsmanns skuldara um erindi SFF og barst umsögn hans þann. 20. desember 2012. Sér umboðsmaður enga meinbugi á því að verða við beiðni SFF.

II.

Niðurstaða

Í ákvörðun nr. 10/2011 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að umrætt samstarf bryti í bága við bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga, sbr. og 12. gr. laganna sem tekur til samtaka fyrirtækja. Var m.a. litið til þess liður í samstarfinu var svokallaður vettvangur kröfuhafa þar sem öll hérlend fjármálafyrirtæki, sem veitt höfðu gengistryggð

Borgartún 26, 125 Reykjavík, pósthólf 5120

Sími 585 0700, Fax 585 0701

samkeppni@samkeppni.is, www.samkeppni.is



lán, komu saman til þess fjalla um umsóknir lántakenda um sértæka skuldaaðlögun. Á vettvangi kröfuhafa áttu öllu ofangreind fjármálafyrirtæki sæti óhað því hvort þau ættu aðild að hverju því máli sem til umfjöllunar var hverju sinni.

Í ákvörðun nr. 10/2011 var vísað til fyrri umfjöllunar Samkeppniseftirlitsins, m.a. í ákvörðunum nr. 23/2010, *Ósk samtaka fjármálafyrirtækja um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna úrlausna greiðsluvanda fyrirtækja*, og 35/2010, *Samkomulag fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, fjármálafyrirtækja og hagsmunasamtaka atvinnulífsins um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja*, um mikilvægi skjótrar uppbyggingar og endurreisnar íslensks atvinnulífs og úrlausnar skuldavanda heimilanna í landinu auk þess sem fjallað var um hið veigamikla hlutverk sem fjármálafyrirtæki leika í þeirri vinnu. Var og einnig vísað til skýrslu eftirlitsnefndar samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, frá því í september 2010 þar sem fram kom að eldra samkomulag sömu aðila um sértæka skuldaaðlögun hafði ekki borið tilætlaðan árangur.

Í því skyni að hindra að samstarfið leiddi af sér meiri samkeppnislegar hömlur en ávinning var undanþágan bundin skilyrðum og var m.a. kveðið á um að óheimilt væri að halda fundi án fulltrúa umboðsmanns skuldara og að allir fundir skyldu bókaðir og gögnum haldið til haga. Skýrt var tekið fram að undanþágan veitti ekki rétt til nánari samræmingar á verði og viðskiptakjörum en kveðið var á um í samkomulagi undanþáguaðila. Undanþága veitti eingöngu fjármálafyrirtækjum rétt til samstarfs sem ella færi gegn 10. gr. samkeppnislaga en ekki öðrum aðilum samkomulagsins, s.s. samtökum fyrirtækja.

Líkt og að ofan greinir rann ákvörðun nr. 10/2011 út í lok árs 2012. Upplýst hefur verið að ekki hafi tekist að ljúka afgreiðslu allra umsókna um sértæka skuldaaðlögun. Í þessu ljósi og með tilliti til sjónarmiða frá umboðsmanni skuldara, fellst Samkeppniseftirlitið á að skilyrði séu til þess að framlengja ákvörðun nr. 10/2011 tímabundið. Aftur á móti er ekki hægt að fallast á þau rök að ef til vanefnda komi á samningum sem gerðir hafa verið við skuldara með sértæku skuldaaðlöguninni þá þurfi að kalla saman fyrrgreindan vettvang kröfuhafa og er ekki í beiðninni rökstutt að slík ófyrirséð atvik kalli á samstarf kröfuhafa í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Ætla verður að þau ófyrirséðu atvik sem leitt geti til vanefnda að þessu leyti heyri til undantekninga. Í slíkum tilvikum er eðlilegra að viðkomandi kröfuhafar bregðist við án aðkomu annarra fjármálafyrirtækja.

Að framangreindu sögðu telur Samkeppniseftirlitið rétt að framlengja ákvörðun nr. 10/2011 svo hægt sé að klára afgreiðslu innkominna umsókna. Verður að gera kröfu um að því starfi verði hraðað eftir megni. Af þeim sökum þykir rétt að framlengja ákvörðun nr. 10/2011 til 30. júní 2013. Eru aðilar hennar bundnir að þeim skilyrðum sem í henni greinir í þann tíma. Við lok tilvitnaðs tímafrests skulu samstarfsaðilar skila greinargerð um framkvæmd samkomulagsins og hvernig því sé lokið gagnvart fyrirtækjum sem undanþágan lýtur að.



Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 15. gr. samkeppnislaga er gildistími ákvörðunar nr. 10/2011 framlengdur til 30. júní 2013. Við lok þess frests skulu aðilar samstarfsins skila Samkeppniseftirlitinu greinargerð um framkvæmd samkomulagsins. Jafnframt skulu einstök fyrirtæki sem tekið hafa þátt í samstarfinu gera grein fyrir þætti þess og aðgerðum til að binda endi á samstarfið.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson